

SLAGORÐ

Blað Heilaheilla, 1. tbl. 6. árg. 2019

Katrín Björk

Nýjar rannsóknir á sjúkdómi hennar

**Það er hægt að veita sjúklingum
á Íslandi bestu meðferð**

Að láta slag standa

Málstol



Heilaheill
- ÁFALL ER EKKI ENDIANN

Efnisyfirlit

- 2 Formannspistill
- 3 Starf Heilaheilla og framfarir í lækningum
- 4 Það er hægt að veita sjúklingum á Íslandi bestu meðferð
- 7 Katrín Björk - Nýjar rannsóknir á sjúkdómi hennar
- 9 Að láta slag standa!
- 13 Þjónusta við fólk með ákominn heilaskaða

Láttu slag standa og hringdu í 112!

Það ætti að vera öllum landsmönnum kunnugt að Heilaheill er góðgerðarfélag þeirra er fengið hafa slag, heilablóðfall, - aðstandenda, fagaðila og annarra er hafa áhuga á málefnum. Kjörorð HEILAHEILLA er að láta ekki deigan síga þrátt fyrir lagið. Markmiðið er að einstaklingurinn geti hafið störf á ný í samfélaginu og er mælikvarði „door-to-needle“ notaður til að telja sekúndurnar frá áfalli til lækni meðferðar. Miklu máli skiptir að hver og einn þekki helstu einkenni heilablóðfalls og láti vita af sér í tæka tíð. Það þarf ekkert að vera hættulegt, - en getur verið það, - jafnvel banvænt!

Félagið hefur haldið úti morgunkaffi fyrir félagsmenn, gesti þeirra og almenning, í Reykjavík einn laugardag hvers vetrarmánaðar kl. 11 í Sigtúni 42 og á Greifanum, Eyrarvegi, Akureyri, kl.18.00 einn miðvikudag hvers vetrarmánaðar. Getur hver og einn lagt leið sína á fundina og fengið sér kaffisopa með öðrum og kynnst fyrstu einkennum heilablóðfallsins og hvernig hægt er að bregðast við. Þá er einnig hægt að hlusta á fróðleg erindi og fylgjast með fagaðilum, listamönnum, leikurum, söngvurum, rithöfundum o.fl. er þeir láta ljós sitt skína á fundum okkar.

- 14 Málstol
- 16 Sólarhringsvakt á taugalækningadeild
- 19 Aðalfundur Heilaheilla 2019
- 20 Framfarir í heilablóðfallslækningum
- 21 Ráðstefna SAFE í Stokkhólmi í sumar
- 22 Þarfir slagpola á Íslandi
- 23 Hvað er TIA

Forsíðumyndin heitir „Hugarástand“ og var send til okkar fyrir þremur árum. Við töldum okkur vita um höfundinn og höfum rætt við hann og allmarga fleiri en enginn vill kannast við þessa fallegu mynd. Nú biðjum við höfundinn að hafa samband við Heilaheill og hans verður getið í næsta blaði.

Útgefandi: Heilaheill.

Ritstjóri og ábm: Pétur Bjarnason.

Umbrot og prentun: Leturprent.

Á undanförunum misserum hafa fulltrúar HEILAHEILLA ferðast vítt og breitt um landið og kynnt starfsemi félagsins undir slagorðunum „Að láta slag standa“ og hvatt landsmenn til að vera meira meðvitaða um fyrstu einkenni heilablóðfallsins. Á þessum fundum hafa verið nafntogaðir heimamenn sem allir þekkja, - en eru ekki endilega slagpolar. Á upphafsstöfum sjóntruflunar, lömunar útlima, andlitslömunar og glataðs máls er orðið SLAG. Undir þessum upphafsstöfum hafa þessir fulltrúar, bæði sjúklingar, aðstandendur og fagaðilar, heimamenn sem og aðrir, kynnt reynslu sína af áfallinu og miðlað henni sem víðast. Tækninni fleygir fram og fagaðilar gera sér miklar vonir um að draga megi úr afleiðingum slagsins með skjóttari viðbrögðum. Því er nauðsynlegt fyrir almennung að heimsækja heimasíðu HEILAHEILLA www.heilaheill.is og hlaða heilaappinu í símann sinn sem öryggishnapp og vera þátttakandi í að draga úr varanlegum skaða, - jafnvel dauðsföllum!



Þórir Steingrímsson.

Starf Heilaheilla og framfarir í lækningum



Heilaheill er fremur ungt félag, stofnað árið 1994 á fullveldisdaginn 1. desember. Félagið starfar á landsvísi, í nánunni samstarfi við fagaðila, að málefnum þeirra sem fengið hafa slag.

Þó félagið sé ungt að árum hefur það haslað sér völl og nýtur nú viðurkenningar og mikils stuðnings frá fagaðilum og hinu opinbera. Jafnframt hefur það lagt kapp á að kynna störf sín og málstað fyrir landsmönnum vítt um byggðir eins og sjá má af umfjöllun í þessu blaði um síðustu fundaherferð þess undir nafninu: „Að láta slag standa“, en heilbrigðisráðuneytið veitti mikilvægan stuðning til hennar. Það skiptir miklu máli að samtök eins og Heilaheill byggja sér ekki fílbEinsturn utan um stjórn og

starfshætti heldur gefi af sér, veiti félagsmönnum sínum hlutdeild í starfinu og virki þá til starfa eftir föngum og getu hvers og eins.

Árangur félagsins hefur vakið athygli, m.a. út fyrir landsteinana, en Heilaheill hafa tekið virkan þátt í félagsstarfi samtaka systurfélaga í Evrópu og á Norðurlöndum. Þar má nefna SAFE (Stroke Alliance for Europe), sem var stofnað 2004, og þá aðeins af átta félögum en nú eru aðildarfélög orðin þrjátíu og fjögur. Norrænt samstarf þessara félaga fer fram í deild SAFE. Hjartaheill gerðist aðili að SAFE árið 2011 og hefur tekið virkan þátt í því síðan, bæði með því að sitja fundi og ráðstefnur og með stjórnarsetu í SAFE. Þar hafa málefni verið rædd, tekin staðan í hverju landi fyrir sig og bornar saman starfsaðstæður á hverjum stað. Sérfræðingar Landspítala hafa gjarnan tekið þátt í þessu starfi með Heilaheillum og kynnt með þeim hvernig staðið er að málefnum slagþola á Íslandi.

Ýmislegt í starfi Heilaheilla hefur vakið athygli þar ytra, t.d. hversu góðan aðgang félagið hefur að starfi og rannsóknum á sviði sérfræðinga í málefnum slagþjúklinga, og ekki síður því hvað almenningur hefur góðan að-



gang að starfi félagsins og ýmsum upplýsingum. Það var mikil viðurkenning á starfi Heilaheilla að fá umfjöllun í mál gagni SAFE í sumar, eins og greint er frá í þessu blaði.

Málefni þeirra sem fá heilablæðingu hafa verið í brennidepli að undanförunu, enda margt að gerast þar og framfarir örar. Verkefnahópur um nýtt verklag fyrir sjúklinga með heilaslag var heiðraður á ársfundi Landspítalans fyrir framlag sitt til framfara innan spítalans. Taugadeildin og starfsmenn hennar hlutu einnig viðurkenningu frá samtökunum Angels sem er nánar getið hér í blaðinu.

Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri öru þróun sem verið hefur í þessum málaflokki á Landspítala á síðustu misserum og vita að Heilaheill stendur vaktina fyrir hönd slagþola og aðstandenda þeirra.

Pétur Bjarnason

belladonna

Skeifunni 8, 108 Rvík, S: 517-6460, www.belladonna.is

Það er hægt að veita sjúklingum á Íslandi bestu meðferð

Björn Logi Þórarinsson segir frá þróun í móttöku og meðferð slagsjúklinga



Björn Logi Þórarinsson.

Fyrir þremur árum, haustið 2016 átti Slagorð viðtal við Björn Loga Þórarinsson, sérfræðilækni á taugadeild LSH. Það viðtal hét: „Við viljum aftur komast í fremstu röð“. Þar sagði Björn Logi frá því að móttaka og meðferð slagsjúklinga á Íslandi hefði verið sambærileg að gæðum og í nágrennlöndum og jafnvel fremri, allt fram til ársins 2008, en síðan hefði Ísland dregist verulega aftur úr og því væri mikilla umbóta þörf. Þá greindi hann frá hugmyndum sínum um úrbætur og hvernig mætti framkvæma þær. Skemmst er frá því að segja að þetta hefur allt gengið eftir og gott betur en það, því nú virðast Íslendingar komnir í fremstu röð á ný. Björn þakkar þetta samvinnu og metnaði allra sem koma að slagmeðferð, starfsfólki taugadeildar og stjórnar Landspítalans. Hann segir samt að

fagfólkið í slagmeðferð á Landspítala vilji setja markið enn hærra. Miðað við það sem hefur gerst á undanförunum þremur árum, verður að telja líklegt að verulegar framfarir séu í vændum.

Sem fyrr þá sleppum við spurningum blaðamanns en svör Björns Loga koma hér á eftir, að mestu í samfelldu máli.

Ýmislegt hefur gerst

„Það má segja að ýmislegt hafi gerst frá því heyrðumst síðast fyrir þremur árum. Þá höfðum við sett okkur það markmið að bæta bráðameðferð blóðþurrðarslags, hvað varðar enduropnunarmeðferð. Slík meðferð er fólgin í því að leysa upp blóðsegann með svonefndri segaleysandi meðferð eða fjarlægja hann með æðaþræðingu, svonefnt segabrottnám. Árangur beggja meðferða er tímaháður, því fyrr sem meðferðin er veitt því hærrí líkur eru á góðum árangri. Við settum okkur það markmið að fjölga sjúklingum sem fá segaleysandi meðferð og veita meðferðina mun fljótar frá komu á sjúkrahús. Þessu ætluðum við að ná með því að koma á nýju verklagi við móttöku og meðferð sjúklinga. Einnig ætluðum við að hefja segabrottnámsmeðferð, en Ísland, ásamt Georgíu og Svartfjallalandi, voru einu löndin í Evrópu sem veittu ekki enn slíka meðferð árið 2016. Meðferðin var veitt eða í boði fyrir íbúa allra annarra Evrópulanda. Að veita ekki meðferðina hafði oft í för með sér skelfilegar afleiðingar.

Við höfum náð markmiðum okkar

Í stuttu máli má segja að við náðum öllum markmiðunum sem við settum okkur. Nú fá meira en 10% sjúklinga með blóðþurrðarslag segaleysandi meðferð, í stað 5-6% áður, meðferðin er veitt fljótar en áður, því nú er tíminn sem líður frá komu sjúklings að gjöf segaleysandi meðferðar (door to needle time) að miðgildi 25 mínútur, en var nær 70 mínút-



Björn Logi fer yfir minnispunkta.

um þegar við höfum átakið. Auk þess höfum við að veita segabrottnámsmeðferð á Landspítalanum. Nú hafa allmargir sjúklingar fengið slíka meðferð og hún hefur gjörbreytt útkomu allmargra sjúklinga. Við höfum séð marga sjúklinga með mjög alvarlegt blóðþurrðarslag, þar sem mjög slæm útkoma var nær örugg, útskrifast af taugadeild með litla sem enga fötlun. Það getum við þakkað meðferðinni.

Okkur hefur reiknast til að við séum nú að meðhöndla u.þ.b. 7% sjúklinga með blóðþurrðarslag með segabrottnámsmeðferð. Það er aðeins yfir þeim markmiðum sem evrópsku slagsamtökin (ESO) setja sem markmið. Auk þess er öryggi í veitingu meðferðar innan þeirra marka sem sett eru. Þegar við höfum þessa meðferð, þá var einungis einn læknir með færni og hæfni til að framkvæma slíka meðferð, Vilhjálmur Vilmarsson, en nú eru þeir orðnir tveir því Hjalti Már Þórisson hefur bæst við og þjálfun hins þriðja er hafin.

Smæðin getur líka verið kostur

Þetta er árangur sem við höfum verið mjög stolt af, en betur má ef duga skal, því við höfum sett okkur að fara yfir þau markmið sem evrópsku slagsamtökin hafa sett varðandi fjölda sjúklinga sem fær gagnreynda meðferð. Við látum okkur ekki nægja að ná lágmarkskröfum þeirra og vera í miðjum hópi, heldur viljum við ná lengra og vera ætíð yfir markmiðum þeirra í meðferð slagsjúklinga. Þessu eigum við að geta náð með því að nýta okkur smæðina og möguleika á sterkari teymisvinnu en erlendis. Smæð getur nefnilega verið meginkostur okkar en ekki ókostur.

Metnaðarfull umsókn til ESO

Stjórn Landspítalans er ekki síður ljóst en lesendum Slagorðs, að slag er mjög alvarlegur og því miður allt of algengur sjúkdómur og til mikils er að vinna að veita gagnreynda meðferð með besta móti, að þetta verkefni er mikilvægt. Í ljósi þess hefur framkvæmdastjórn Landspítala, að okkar ósk, tekið þá ákvörðun að spítalinn sækir um viðurkenninu ESO sem viðurkennd slagmiðstöð („Stroke Center“). Sú ákvörðun er í samræmi við stefnu ESO og SAFE, sem var útlistuð nýlega í „Aðgerðaáætlun við slagi í Evrópu 2018 til 2030“

Við teljum að umsóknin tryggji best áframhaldandi framþróun, því í umsóknarferlinu er hverjum steini velt við í starfsemi okkar og má segja að allt sé svo lagt niður á ný með vonduðum og réttum hætti. Ekki bara varðandi bráðameðferðina sem við höfum verið að bæta, heldur einnig stjórnun, veitingu annarrar meðferðar en enduropnunar, kröfum um mannauð, uppbyggingu innviða og teymisvinnu, kröfum um rannsóknir og vandaða gæðastýringu. Þetta er útlistað í 49 liðum og við verðum að tryggja þá alla með viðunandi hætti. Þannig er engin afsláttur gefin, það eru engar styttri leiðir að markmiðinu að veita meðferð í umhverfi sem tryggir jöfn gæði, öryggi og grunn að frekari framþróun. Fyrir



Kynningarspjald á hluta af markmiðum sem Angels hafa sett fram.

Landspítalann og taugadeild B2 er þetta stórt og metnaðarfullt verkefni. Það mun mikil vinna fara í þetta en sú vinna styrkir teymisvinnu og niðurstaðan verður enn sterkara teymi fagfólks sem stendur að meðferðinni en áður.

Vinnuhópur úr mörgum fagstéttum

Framkvæmdastjórn Landspítala hefur sett saman vinnuhóp til að sjá um umsóknarferlið undir stjórn



Þórir Steingrímsson ræðir við Marianne Elisabeth Klinke.

Rögnu Dóru Rúnarsdóttur verkefnastjóra. Hópurinn sem er skipaður ólíkum fagstéttum og er með aðkomu ólíkra deilda spítalans. Þessi hópur hittist

í fyrsta sinn 23. sept. s.l. og við stefnum á að geta skilað inn umsókn um áramótin.

Við höfum einnig rætt um að stofna fagfélag, vettvang fyrir ólíkar fagstéttir að starfa saman að þessari sýn, að þjónusta sjúklinga sem best. Það er líka í samræmi við tilmæli evrópsku samtakanna og SAFE. Slíkt fagfélag mundi eiga náið samstarf við Heilaheill.

Þannig má segja að við munum ekki sitja auðum höndum næstu vikur og mánuði. Meginatriðið er að við viljum að íslenskir slagsjúklingar fái bestu meðferð þegar kemur að slagi því við viljum að útkoma þeirra sé sem allra best, en auk þess viljum við einfaldlega vera best, það gerir allt starf skemmtilegra og meira spennandi, gerir okkur svo stolt af því sem við byggjum upp sem lið, gerir okkur svo samhent.“

Dýrmæt viðurkenning frá Angels

Verkefnahópurinn um nýtt verklag, slagteymið og starfsfólk taugadeildar hafa hlotið viðurkenningar fyrir árangur sinn í starfi. Á ársfundi Landspítalans 18. maí s.l. var verkefnahópur um nýtt verklag fyrir sjúklinga með heilaslag heiðraður fyrir framlag sitt til framfara á spítalanum. Þá fengu taugadeildin og og starfsmenn hennar viðurkenningu frá samtökunum Angels en þau eru samtök á vegum ESO sem hvetja til og búa til skipulagðan farveg fyrir framfarir í gæðum bráðrar slagmeðferðar. Viðurkenningin var veitt fyrir mjög mikin árangur í frampróun slagmeðferðar á stuttum tíma. Slík viðurkenning á slagteyminu og starfsmönnum taugadeildar er mjög mikilvæg, bæði að fagna því sem við höfum áorkað og hvetja til frekari framfara. Viðurkenningin var afhent á fundi á Landspítalanum þann 28. maí s.l. og veitti Marianne Elisabeth Klinke henni viðtöku fyrir hönd deilarinnar.



Marianne Elisabeth Klinke veitti viðurkenningunni móttöku fyrir hönd starfsfólks taugadeildar.





Þessa mynd af Katrínu Björk Guðjónsdóttur nefnir hún: „Lífið er skemmtilegt.“

Katrín Björk

Nýjar rannsóknir á sjúkdómi hennar

Í síðasta hefti Slagorðs var umfjöllun ásamt dagbókarfærslum ungrar stúlku á Flateyri sem fékk heilablæðingar, hverja á eftir annarri rúmlega tvítug. Barátta hennar hefur vakið athygli, því hún gleðst yfir hverjum degi og tekur mótlæti sínu með ótrúlegu æðruleysi. Í sjónvarpi RÚV þann 10. apríl 2019 var sagt frá nýjum rannsóknum á lyfi sem gæti valdið straumhvörfum í meðferð á þeim sjúkdómi sem Katrín Björk hefur verið að glíma við.

Frétt RÚV fer hér á eftir:

Lyf talið geta hægt á arfgengri heilablæðingu

Ung kona með arfgenga heilablæðingu segist hafa öðlast nýja von. Engin lækning er til við sjúkdómnum en nú er að hefjast rannsókn á lyfi sem er talið geta hægt á framgangi hans.

Áfall að greinast með arfgenga heilablæðingu

Katrín Björk Guðjónsdóttir var tuttugu og eins árs þegar hún fékk fyrstu heilablæðinguna. Fljótlega kom í ljós að hún er með arfgenga heilablæðingu, séríslenskan erfðasjúkdóm sem veldur því að stökkbreytt prótín safnast upp í æðum og valda heilablæðingum, oft í ungu fólki á milli tvítugs og þrítugs. Hvernig var að fá þær fréttir?

„Það var rosalegt högg,“ segir Katrín.

Læknir í fjölskyldunni fór í rannsóknir

Þegar greining Katrínar lá fyrir ákvað Hákon Hákonarson læknir, sem er í fjölskyldu Katrínar, að leita lausna.

„Það var það sem að kveikti áhuga minn á því að leita að lausn til að finna meðferð sem kæmi í veg fyrir endurtekin áföll af þessum toga,“ segir Hákon Hákonarson sem er barnalæknir og sérfræðingur í lungna- og genarannsóknum sem starfar við háskólasjúkrahúsið í Fíladelfíu í Bandaríkjunum. „En sjúkdómsgangurinn er sá að hann fer stigvaxandi og lífslíkur eftir fyrstu einkenni eru oft aðeins nokkur ár.“

Hefur fundið lyf sem er talið hægja á sjúkdómnum

Eftir tæplega tveggja ára rannsóknir á frumum nokkurra einstaklingar telur Hákon að fundist hafi í fyrsta sinn lyf sem hægir á framgangi sjúkdómsins.

„Við sýndum fram á það í frumum frá þessum einstaklingum, meðal annars Katrínu, að lyfið braut upp þetta kekkjaða prótín sem fellur út og gerði það að minni einingum sem gerir það að verkum að það fellur ekki lengur út í húð eða í vefi heilaæða eða heila hjá þessum einstaklingum,“ segir Hákon.

Hefja grunnrannsókn á lyfinu

Lyfið er ekki nýtt, heldur hefur það verið á mark-



Hákon Hákonarson.

aði áratugum saman, það er helst notað til að losa slímseigjutappa í lungum. Hákon og íslenskt teymi standa nú fyrir grunnrannsókn til að skoða áhrif lyfsins. „Við erum að bjóða sjúklingum sem að hafa þennan sjúkdóm eða eru í áhættu með að hafa þennan sjúkdóm uppá að koma í greiningu og ef þeir greinast jákvæðir þá erum við að bjóða uppá ákveðna meðferð með þessu lyfi sem að þolist mjög vel,“ segir Hákon.

Rannsóknin veitir von

Þrátt fyrir að rannsóknin sé á byrjunarstigi þá segir Katrín að ferlið og rannsóknin hafi veitt henni von. „Vonin var mín líflína,“ segir Katrín. Hún vonar að sem flestir sjái sér fært um að taka þátt í rannsókninni.

Tvær heilablæðingar og blóðtappi

Katrín Björk Guðjónsdóttir er 24 ára Flateyringur. Undanfarin ár hefur Katrín bloggað um bataferli sitt eftir tvær heilablæðingar og blóðtappa. Í tilefni af evrópska talþjálfunardeginum, greindi Katrín frá frelsinu sem talþjálfun hefur veitt henni. „Eftir stóru blæðinguna þá gat ég ekki gert neitt. Ég lá í öndunarvél og opnaði bara hægra augað,“ segir Katrín. „En hugsunin mín var heil.“

Heimsókn talmeinafræðings breytti öllu

Í sex vikur vissu aðstandendur Katrínar ekki hvort að blæðingin hefði haft áhrif á huga hennar. „Mér leið eins og ég væri lokuðu inni í kassa og ég gat bara hlustað á alla í kringum mig.“ Heimsókn talmeinafræðings breytti öllu. „Það var þegar spjaldið kom,“ segir Katrín Björk.

Gat sagt ástvinum sínum að hún væri heil

Fyrst með augunum, en nú með vinstri hendi, getur Katrín stafað með spjaldinu og hljómlausir stafir ljá henni rödd. Hvernig tilfinning var það? „Það var sú besta og mesta frelsisgjöf. Ég bara græt við tilfinninguna, það var svo gaman að segja öllum að hugsun mín hefði verið heil allan tímann.“

Eftir tæplega tveggja ára rannsóknir á frumum nokkurra einstaklingar telur Hákon að fundist hafi í fyrsta sinn lyf sem hægir á framgangi sjúkdómsins.

„Við sýndum fram á það í frumum frá þessum einstaklingum, meðal annars Katrínu, að lyfið það braut upp þetta kekkjaða prótín sem fellur út og gerði það að minni einingum sem gerir það að verkum að það fellur ekki lengur út í húð eða í vefi heilæða eða heila hjá þessum einstaklingum,“ segir Hákon.

Hefja grunnrannsókn á lyfinu

Lyfið er ekki nýtt, heldur hefur það verið á markaði áratugum saman, það er helst notað til að losa slímseigjutappa í lungum. Hákon og íslenskt teymi standa nú fyrir grunnrannsókn til að skoða áhrif lyfsins. „Við erum að bjóða sjúklingum, sem að hafa þennan sjúkdóm eða eru í áhættu með að hafa hann, að koma í greiningu og ef þeir greinast jákvæðir þá erum við að bjóða upp á ákveðna meðferð með þessu lyfi sem að þolist mjög vel,“ segir Hákon.

Rannsóknin veitir von

Þrátt fyrir að rannsóknin sé á byrjunarstigi þá segir Katrín að ferlið og rannsóknin hafi veitt henni von. „Vonin var mín líflína,“ segir Katrín. Hún vonar að sem flestir sjái sér fært um að taka þátt í rannsókninni.

Tekið af vef ruv.is



Að láta slag standa!

Föstudaginn 22. mars boðaði Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, fjölmörg góðgerðarfélög, þ.á.m. HEILAHEILL, í sérstaka móttöku á Hótel Reykjavík Natura í því skyni að veita þeim styrki úr sjóði ráðuneytisins til ýmissa góðra málefna.

Umsókn Heilaheilla bar að þessu sinni nafnið: „Að láta slag standa“ og var þar leitað eftir styrk til fundaherferðar um landið undir þessu heiti.

Á ráðherra miklar þakkir skildar fyrir að veita þessu málefni brautargengi og vill félagið þakka henni sérstaklega. Þetta er í annað sinnið sem ráðherra veitir styrk úr þessum sjóði og styrkupp hæðin kemur sér vel.

Fyrsti fundurinn í Borgarnesi

Fundaherferð Heilaheilla var reyndar hafið daginn fyrir fund ráðherrans, en þá var fjölsóttur fundur í Hjálmakletti í Borgarnesi. Fundarmenn hlýddu



Gunnlaugur Júlíusson.

þar á fyrirlestra um heilablóðfallið. Auk erindis Þóris Steingrímssonar, formanns Heilaheilla, um heilablóðfall, forvarnir og snemmtæka íhlutun heilbrigðiskerfisins við slaginu, stigu þeir Gunnlaugur Á. Júlíusson, bæjarstjóri Borgarbyggðar, Hjalti R. Kristinsson og Baldur B. E. Kristjánsson á stök og fluttu erindi, hver í sínu lagi, um sína reynslu af slaginu. Gunnlaugur bæjarstjóri greindi frá sínum áhrifamikla þætti í söfnunaráttakinu „Á rás fyrir Grensás“ fyrir u.þ.b. áratug og samskiptin þá við HEILAHEILL.

Þá var sýnd myndklippa af fyrirlestri Björns Loga Þórarinssonar, taugasérfræðings, um segabrottnám á Landspítalanum. Margar fyrirspurnir voru bornar fram og héldu fundarmenn heim á leið mun fróðari um heilablóðfallið.

Fundur á Selfossi

Funda- og fræðsluherferðin fékk byr undir báða vængi með þessum góðu viðtökum, ráðherra og ekki síður fundargesta í Borgarnesi og hélt áfram undir slagorðinu: „Að láta slag standa.“

Næst var haldið á Selfoss. Hinn 28. mars hélt HEILAHEILL kynningarfund um slagið (heilablóðfallið) fyrir almenning á Hótel Selfossi og bauð upp á kaffi. Fjölmennu Selfossbúar og húsfyllir varð. Séra Baldur B. E. Kristjánsson hóf fundinn með stuttu erindi um reynslu sína af slaginu og félaginu.

Eftir framsögu hans tók Þórir Steingrímsson



Sr. Baldur Kristjánsson var með erindi á Selfossi.

formaður við og flutti erindi um slagið og hvernig hann upplifði áfallið, þegar það átti sér stað fyrir 15 árum. Lagði hann áherslu á framþróun heilbrigðiskerfisins og að almenningur þekkti fyrstu einkenni heilablóðfalls og ættu því strax að hafa samband við Neyðarlínuna. Nefndi hann sérstaklega Heila-Appið í því sambandi, en það tengir menn beint við Neyðarlínuna ef eitthvað kemur uppá og gefur upplýsingar um staðsetningu.

Margar fyrirspurnir voru lagðar fram og greinilegt var á fundarmönnum, að þeim var umhugað

um að heilbrigðiskerfið á Selfossi væri sambærilegt á við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og starfsfólkið þar væri meira meðvitað um sjúkdóminn. Þórir lagði áherslu á að góð samvinna sjúklinga og fagaðila væri lykilatriði, er hefur hingað til skilað góðum árangri.

Reykjanesbær lætur slag standa!

Föstudaginn 5. apríl 2019, á fyrsta góðviðrisdegi vetrarins, hélt HEILAHEILL kynningarfund fyrir fullu húsi um slagið fyrir almenning á veitingastaðnum Ránni í Reykjanesbæ, undir heitinu „Lát-



Fundarmenn á Ránni í Reykjanesbæ.

um slag standa!“ Séra Baldur B. E. Kristjánsson, hóf fundinn og sagði frá sínu slagi. Ræddi hann um mikilvægi félagsins og vitund almennings um áfallið, sér í lagi talaði hann um málstolið og viðbrögð við því. Síðan tók Þórir Steingrímsson, formaður HEILAHEILLA, við og flutti fyrirlestur um stöðu félagsins, störf þess og stefnu.

Sigló og Skagafjörður láta slag standa!

Dagana 8. og 9. apríl 2019 hélt HEILAHEILL kynningarfundir um slagið, á Sigló Hótel, Siglufirði og á Kaffi Krók, Sauðárkróki, undir sömu slagorðum og fyrr, „Látum slag standa!“ Þórir Steingrímsson,

setti fundina og síðan tók Páll Árdal, talsmaður félagsins á Akureyri, við og sagði frá starfsemi þess og hvaða þjónustu það veitti Norðlendingum. Þórir greindi frá þeim framförum og nýjungum er hafa átt sér stað á Landspítalanum að undanförunu, m.a. um segabrottnám sem er hafið hér á landi og sýndi fréttamyndbönd þar að lútandi. Lögð var áhersla á að landsbyggðin væri ekki undanskilin þeirri þjónustu sem verið er að byggja upp. Hvatti Þórir menn til að kynna sér fyrstu einkenni heilablóðfalls. Að lokum sögðu Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar á Siglufirði, svo og Sigfús Ingi Sigfússon,



Fjölmenni á Siglufirði.

sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, nokkur orð og töluðu um lýðheilsu í byggðalögum sínum og í hvaða stöðu sjúklingar væru á Siglufirði og í Skagafirði og þökkðu fyrirlesturinn.

Dalamenn á verði!

Miðvikudaginn 8. maí 2019, hélt HEILAHEILL vel sóttan kynningarfund um slagið í Rauðakrosshúsinu í Búðardal undir heitinu, „Látum slag standa!“ Baldur Kristjánsson, hóf fundinn og sagði svo frá reynslu sinni af áfallinu. Þá tók Þórir Steingrímsson formaður við og fræddi fundarmenn um starfsemi félagsins, hvaða þjónustu það gæti veitt



Alþýðusamband Íslands



www.linde-healthcare.is



Melkorka Benediktsdóttir flutti ávarp í Búðardal.

landsmönnum, hvað bæri að varast og ekki síður hvernig hægt væri, með réttum viðbrögðum, að draga úr eða koma í veg fyrir mögulegan skaða. Hann greindi einnig frá þeim framförum og nýjungum er hafa átt sér stað á Landspítalanum að undanfögnu, m.a. um segabrottnám sem er nýlega hafið hér á landi og sýndi fréttamyndbönd þar að lútandi. Lögð var áhersla á að landsbyggðin væri ekki undanskilin. Að lokum sagði Melkorka Benediktsdóttir nokkur orð og þakkaði fyrir þessa þörfu kynningu. Menn voru glaðir og þakklátir er þeir fóru heim.

Strandamenn sóttir heim

Þann 16. maí 2019 var haldinn fræðslufundur á Hólmavík um slagid undir sömu fyrirsögn og fyrr, „Látum slag standa.“ Fundurinn var haldinn í Hnyðju, sem er nýr og glæsilegur fjölnotasalur á neðstu hæð Höfðagötu 3 á Hólmavík. Í Hnyðju er einnig afgreiðsla og móttaka Strandabyggðar.

Strandamenn tóku vel á móti HEILAHEILL eins og aðrir. Fundarefni var með hefðbundnu sniði, þ.e. sagt var frá störfum félagsins og greint frá nýjungum í starfi Landspítala, m.a. framförum varðandi segabrottnám og fleira. Baldur Kristjánsson setti fundinn og stýrði honum af röggsemi.



Sr. Baldur Kristjánsson var með fyrirlestur á Hólmavík.

Hornfirðingar áhugasamir!

Föstudaginn 24. maí 2019 létu Hornfirðingar sig ekki vanta á fyrirlestur um slagid (heilablóðfallid) er þeir Þórir Steingrímsson, formaður HEILAHEILLA og stjórnarmaðurinn Baldur Benedikt Ermenrekur Kristjánsson, stóðu fyrir undir yfirskriftinni: „Við



Hornfirðingar fjölmenntu á fund.

skulum láta slag standa!“ Bæjarstjórinn, Matthildur Ásmundardóttir, var sérstakur gestur fundarins. Er þetta liður í að vekja almenning til vitundar um sjúkdóminn um land allt og hvetja til rétttra viðbragða er grunur leikur á um fyrstu einkenni slagsins. Baldur setti fundinn og sagði svo frá sinni



reynslu af áfallinu. Þá tók Þórir við og fór fundurinn fram með svipuðu sniði og hinir fyrri. Nokkrar fyrirspurnir voru lagðar fram og svo héldu menn fróðari heim.

Dalvík ekkert undanskilin!

Miðvikudaginn 29. maí 2019 fjölmenntu Dalvíkingar á fyrirlestur um slagið (heilablóðfallið) sem þeir Þórir Steingrímsson, formaður HEILAHEILLA og stjórnarmaðurinn Páll Hallfreður Árdal, stóðu fyrir undir yfirskriftinni: „Við skulum láta slag standa!“ Fv. bæjarstjóri, Svanfríður Jónasdóttir, var sérstak-



Svanfríður Jónasdóttir var gestur fundarins á Dalvík.

ur gestur fundarins og opnaði hann með nokkrum orðum. Er þetta liður í að vekja almenning til vitundar um sjúkdóminn um land allt og hvetja til réttra viðbragða ef grunur leikur á um fyrstu einkenni slagsins. Páll hóf fundinn með því að segja frá sinni reynslu af áfallinu. Þórir fræddi svo fundarmenn sem fyrr um heilablóðfallið, viðbrögð við því og fjallaði einnig um forvarnir. Þá sagði hann frá nýjungum varðandi segbrotnám á Landspítala. Eftir fyrirspurnir, sem svarað var greiðlega héldu menn heim, mun fróðari en þeir komu.

Akureyringar luku vetrarátaki HEILAHEILLA

Laugardaginn 1. júní komu áhugasamir Akureyringar á fyrirlestur um slagið (heilablóðfallið) er þeir Þórir og Páll H.Árdal, stóðu einnig fyrir. Yfirskriftin

var sem fyrr: „Við skulum láta slag standa!“ Sérstakur gestur fundarins var Valgerður Sverrisdóttir, fv. ráðherra, er sagði frá reynslu sinni. Er þetta liður í að vekja almenning til vitundar um sjúkdóminn um land allt og hvetja til réttra og skjótra viðbragða er grunur leikur á um fyrstu einkenni slagsins.

Dagskrá þessa fundar var með líku sniði og hinir fyrri. Alla þessa fundi einkenndu áhugi fundarmanna, sem báru fram fjölmargar fyrirspurnir. Með þeim og svörum við þeim vöknudu iðulega góðar umræður um þau málefni sem mönnum eru hugleikin varðandi þessi mál.



Þórir Steingrímsson og Valgerður Sverrisdóttir halda merki Heilaheilla á lofti, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Með þessum fundi á Akureyri lauk vetrarátaki HEILAHEILLA í kynningu á starfi félagsins og hvað væri að gerast í málefnum slagþola hér á landi. Einnig var fjallað um forvarnir og fyrstu viðbrögð. Á öllum þessum fundum var Heila-appið kynnt og áhersla lögð á að menn sæktu það í síma sína. Ef eitthvað kemur uppá, getur það skipt sköpum um fyrstu viðbrögð og staðsetningu sjúklingsins.

Alls voru haldnir níu fundir og fundargestir skiptu hundruðum.

HEILAHEILL vill þakka þeim sem lögðu þessu málefni lið og ekki síður öllum þeim sem sóttu fundina og gerðu þá svo góða sem raun ber vitni.

Samantekt P.Bj. eftir fréttum á heimasíðu Heilaheilla.



Þjónusta við fólk með ákominn heilaskaða



Starfshópur skipaður af Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra til að fjalla um þjónustu við fólk með ákominn heilaskaða og leiðir til að bæta hana hefur skilað ráðherra skýrslu með tillögum sínum.

Í skýrslunni kemur fram að samtök fólks sem orðið hefur fyrir heilaskaða og sérfræðingar sem sinna þessum hópi hafa á liðnum árum bent á að bæta þurfi greiningu og skráningu á heilaáverkum. Einnig þurfi að efla sérhæfða íhlutun, meðferð og stuðning við þá sem orðið hafa fyrir skaða af völdum heilaáverka. Mat þessara aðila er að úrræði skorti til að mæta þeim afleiðingum sem fólk með



Ráðherra ásamt starfshópnum við skil á skýrslunni.

heilaskaða glímur við, en þær geta verið fjölbættar, alvarlegar og langvarandi. Í þessu ljósi ákvað heilbrigðisráðherra að stofna starfshópin sem nú hefur skilað tillögum sínum.

Hinn þögli faraldur

Starfshópurinn kynnti skýrslu sína og tillögur um úrbætur á fundi með heilbrigðisráðherra í dag. Hinn þögli faraldur er titill skýrslunnar og vísar hann til þess að þótt heilaskaði geti haft í för með sér augljós eftirköst, svo sem hreyfiskerðingu og skerðingu á sjón eða heyrn, þá geta afleiðingar hans einnig verið mjög duldar. Dæmi um slíkt eru t.d. einbeitingarskortur, hvatvísi, minnisskerðing, persónuleikabreytingar og fleira. Afleiðingar heilaskaða geta haft veruleg neikvæð áhrif á daglegt líf þeirra sem verða fyrir skaðanum og einnig á aðstandendur þeirra.

Þekkingu er ábótavant

Í skýrslunni kemur m.a. fram að heilaskaði og vandi sem af honum hlýst hefur alla jafna fengið litla athygli hér á landi. Því er þekkingu og skilningi á afleiðingum hans ábótavant innan velferðarþjónustu, menntakerfis og á vinnumarkaði. Skaðinn er vangreindur og vanskráður og því fær fólk með heilaskaða oft ekki viðeigandi meðferð.

Meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með heilaskaða þurfa að vera sérsniðin að þeirra þörfum en hér á landi er ekki nægilegt framboð slíkrar sérhæfðar þjónustu. Stefshópurinn setur fram eftirfarandi tillögu til úrbóta:

1. Sett verði á fót tveggja ára tilraunaverkefni til að meta umfang vandans og efla þjónustu. Verkefnið skiptist í tvo þætti:
 - a. Landspítali (LSH) fái fjármagn og verði falið að ráða sérhæfðan starfsmann til að skima fyrir heilaskaða á bráðamóttöku, skrá og yfirfara verkferli.
 - b. Samið verði við Reykjalund um að bætt verði einu stöðugildi við á stofnuninni til að þess að efla hópmeðferð fyrir fólk með heilaskaða. Markmið verði m.a. að bæta eftirfylgni og virkja nærumhverfi einstaklings.
2. Unnar verði tillögur um þróun og umfang þjónustunnar til næstu fimm ára þegar niðurstöður ofangreinds verkefnis liggja fyrir.
3. Unnar verði tillögur að aðgerðum til að efla forvarnir á þessu sviði sem byggjast á ítarlegri skráningu heilaáverka.
4. Komið verði á „Höfuðhúsi“ í samstarfi sveitarfélaga og heilsugæslu. Höfuðhúsi verði sérhæfð þjónustu-, þekkingar- og þróunarmiðstöð fyrir fólk með heilaskaða og aðstandendur þeirra. Í Höfuðhúsi verði jafningjafræðsla, aðgangur að sérfræðiþjónustu og stuðningsþjónustu.
5. Fræðslu verði komið á fót fyrir heilbrigðisstofnanir, þ.m.t. heilsugæslu, skóla og sveitarfélög um hvernig megi þekkja möguleg einkenni og áhættuþætti fyrir heilaskaða og hvert eigi að vísa fólki til nánari greiningar.
6. Í ljósi fjölgunar heilaáverka af völdum íþróttaslysa er mikilvægi íþróttahreyfingarinnar varðandi forvarnir og rétt viðbrögð sérstaklega áréttað.

Helga Thors, talmeinafræðingur

Málstol

Öll notum við tal og mál til að eiga í samskiptum hvert við annað. Án tjáskipta væri veröldin víst fátæglegri. Orðið málstol vísar til ástands þar sem hæfileiki einstaklings til að tjá sig og að skilja mælt mál hefur skerast vegna heilaáfalls, oftast heilablóðfalls. Málstol getur einnig orsakast af öðrum áföllum, svo sem heilaskaða eftir slys, eða heilaæxli. Fólk með málstol á einnig yfirleitt í erfiðleikum með að lesa og skrifa.

Málstol getur verið misjafnlega alvarlegt á milli manna og skiptir þar mestu umfang og staðsetning skemmdar sem verður við heilablóðfallið. Engir tveir einstaklingar sem eru með málstol upplifa nákvæmlega sömu erfiðleikana. Sumir skilja talað og skrifað mál vel en eiga í erfiðleikum með að tjá sig, finna réttu orðin og setja þau saman í setningar. Aðrir geta tjáð sig reiprennandi en það sem þeir segja er illskiljanlegt og þeir eiga

erfitt með að skilja bæði ritað og talað mál. Fæstir falla undir þessar tvær skilgreiningar fullkomlega, en geta flestra liggur einhvers staðar á rófinu á milli þessara tveggja andstæðu póla. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á að málstol er tjáskiptavandamál en hefur ekki áhrif á greind.

Málstöðvar heilans eru langoftast staðsettar vinstra megin í heila og getur málstol því komið í kjölfar heilablóðfalls þeim megin. Ef málstolið er vægt þá á einstaklingurinn ef til vill aðeins erfitt með að muna orð yfir hluti og nöfn á fólki, en ef málstolið er alvarlegt eru allir þættir máls mjög mikið skertir, þ.e. einstaklingurinn getur lítið sem ekkert lesið, skrifað, talað eða skilið af því sem sagt er við hann. Sjaldnast er málstol eina birtingamynd heilaáfalls. Við heilaáfall skaðast oft mismunandi hlutar heilans og geta aðrir erfiðleikar fylgt málstoli til dæm-



Helga Thors, talmeinafræðingur

is helftarlömun (lömun á hægri hluta líkamans), sjónskerðing og verkstol, þar sem viðkomandi veit hvað hann ætlar að gera eða segja en vöðvarnir láta ekki að stjórn. Sumir sem fá málstol eiga líka í vandræðum með kyngingu á vökva og eða fastri fæðu. Aðrir eiga við minnstruflanir að stríða eða eiga í vandræðum með að átta sig á aðstæðum hverju sinni. Allt fer þetta eftir því hvaða hlutar heilans hafa skaðast af heilaáfallinu.

Margir þeirra sem fá málstol fá talþjálfun hjá talmeinafræðingum. Talþjálfunin er einstaklingsbundin og fer eftir eðli þeirra erfiðleika sem hver



www.fit.is

MÁLSTOL

Að yfirstíga hindranir í tjáskiptum

HVAÐ ER MÁLSTOL?

Málstol er máltruflun sem hefur áhrif á getuna til tjáskipta. Orsök málstols er oftast skaði á þeim svæðum heilans sem stýra máli og tali sem verður í kjölfar heilablóðfalls.

ÉG ÞARF AÐ EIGA Í SAMSKIPTUM VIÐ EINHVERN MEÐ MÁLSTOL.



HAFDU ÞAÐ EINFALT
Talaðu í stuttum, einföldum setningum.



SÝNDU ÞOLINMÆÐI
Gefðu nægan tíma til svara. Talaðu við hann/hana en ekki fyrir hann/hana.



FJARLÆGÐU TRUFLANIR
Prófaðu að skrifa, teikna, nota látbragð, myndir og tjáskiptatæki á borð við iPad.




NOTAÐU HUGMYNDAFLUGIÐ
Talaðu í stuttum, einföldum setningum.



STAÐFESTU
Endurtaktu það sem þú heldur að hann/hún hafi sagt.

ÉG ER MEÐ MÁLSTOL



TAKTU ÞÉR TÍMA
Mundu að það gæti tekið tíma að finna réttu orðin.



LÁTTU FÓLK VITA HVAD VIRKAR BEST FYRIR ÞIG
Viltu að spurning sé spurð á marga mismunandi vegu? Láttu fólk vita.



NOTAÐU HJÁLPARTÆKI
Hafðu með þér myndir, skemu, blað og blýant, o.s.frv.



ÞAÐ ER ALLT Í LAGI AÐ VERÐA PIRRUÐ/PIRRADUR
Ekki kenna sjálfri/sjálftum þér um ef þú festist eða hikstar í tali. Sýndu sjálfri/sjálftum þér þolinmæði á meðan þú finnur út hvað virkar.

FÓLK MEÐ MÁLSTOL:

1. Tjáir sig óðruvísi en hefur sömu vitsmuni og áður.
2. Heyrn þeirra er í lagi; að tala hátt hjálpar ekki.
3. Málstol er ekki smitandi! Þegar þú talar við fólk með málstol þarftu aðeins að tjá þig óðruvísi en venjulega.

EF ÞÚ FESTIST, GETUR ÞÚ:

- Viðurkennt að þú eigir í erfiðleikum.
- Farið aftur yfir það sem þegar hefur verið rætt.
- Ákveðið hvort þú ætlar að halda áfram eða koma aftur að efninu síðar.

S. MARS EVRÓPUDAGUR TALMEINAFRÆÐINGA

og einn glímur við. Sumir þurfa helst að æfa lesskilning, aðrir skrift, sumir þurfa að æfa setningamyndun, aðrir að nefna hluti, sumir þurfa helst að læra að hlusta eftir merkingu talaðs máls

og svona mætti lengi telja. Þegar tjáning er mikið skert er stundum reynt að örva látbragð eða unnið með tal í gegnum takt og söng, en oftast er unnið með hlustun, lestur, skrift og hið talaða orð í

ýmsum myndum. Alltaf er leitast við að hafa þjálfunina sem hagnýtasta fyrir hvern einstakling, þ.e. að sníða verkefnið að hans eigin þörfum í daglegu lífi. Oft eru aðstandendur og aðrir þeir sem annast fólk með málstol, óöruggir um hvernig best sé að haga samskiptunum. Þeim er gjarnan bent á að tala eðlilega en nota jafnframt látbragð, bendingar og gott augnsamband, til að auðvelda málskilning. Einnig er best að aðeins einn tali við hinn málstola í einu og snúi sér þá að honum svo hann sjái framan í viðmælanda sinn. Gott er að forðast samræður í hávaðasömu umhverfi.

Það er vissulega mikið áfall fyrir fjölskyldu að sjá ástvin sinn allt í einu sviptan málinu að meira eða minna leyti. Sem betur fer ná flestir nokkrum bata. Sumum fer mikið og hratt fram í máli og öðrum hægt. Ferlið er afar einstaklingsbundið og erfitt að sjá fyrir í byrjun hvernig batinn muni verða. Mörgum hættir til að draga sig í hlé vegna málstols, en það er vís leið til að einangrast og draga úr batahorfum, því þá fær viðkomandi ekki nauðsynlega æfingu í að tala og hlusta.

Helga Thors er doktor í talmeinafræði og starfar á Grensásdeild.



REYKJANESBÆR

Sólarhringsvakt á tauga- lækningadeild

Guðrún Jónsdóttir deildarstjóri á taugalækningadeild B-2 segir frá deildinni, hlutverki hennar og störfum.



Guðrún Jónsdóttir, deildarstjóri á B-2

Taugalækningadeildin er á annari hæð á Landspítala Fossvogi, B-2.

Deildarstjóri þar er Guðrún Jónsdóttir og hún gaf sér tíma til að spjalla um störfin á deildinni við ritstjóra Slagorðs nú á dögnum.

„Þessi deild var flutt yfir í Fossvog árið 2002 en áður hafði hún verið opin á Landspítalanum við Hringbraut um langan tíma. Yfirlæknir er Elías Ólafsson og ég er deildarstjóri og hef verið hér síðan 2011. Deildin er fyrir sjúklinga með taugasjúkdóma, hún er opin allan sólarhringinn allan ársins hring, og hér er alltaf nóg að starfa.

Stærsti sjúklingahópurinn hér eru þeir sem hafa fengið slag þ.e. blóðtappa í heila eða heilablæðingu. Þeir koma víðsvegar að, úr heimahúsum, af öðrum sjúkrahúsum, með sjúkraflutningi og þeir geta komið hvaðanæva að af landinu, og sumir erlendis frá. Flestir leggjast þó hér inn á deildina í gegnum bráðadeild Landspítalans, þar sem þeir hafa haft fyrstu viðkomu. Hér eru líka sjúklingar með hreyfitaugungahrönnun (MND), flogaveiki, heila- og mænusigg (MS), Parkinson og heilaæxli. Auk annarra taugasjúkdóma, eða uppvinnslu og greiningu á taugasjúkdómum.

Á legudeildinni eru 20 rúm og starfsmenn í hjúkrun eru um 70 talsins. Meðaldvalartími er yfirleitt rúm vika, átta til níu dagar, en dvölin getur orðið mun lengri í einstökum tilvikum, einkum þegar beðið er eftir öðru úrræði eða endurhæfingu. Svo getur líka verið um að ræða fólk sem þarf mjög sérhæfða hjúkrun sem kemst ekkert annað.

Við vinnum í þverfaglegri teymisvinnu á deildinni. Að því koma allir, læknar, hjúkrunarfólk, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og næringarráðgjafi, talmeinafræðingur, allt eftir því sem við á. Sjúklingahópurinn er mjög fjölbreyttur og kemur úr öllum stéttum og er á öllum aldri 18 ára og uppúr - og það þarf oft að mæta mjög ólíkum kröfum.

Bráðameðferð er stór þáttur í starfi deildarinnar og ég veit að fjallað hefur verið um verkferilinn „Slag innan tímamarka“ í Slagorði, en það er ríkur þáttur í starfinu hér ásamt þróunarvinnu starfsfólksins. En svo erum við líka endurhæfingaradeild. Endurhæfing hefst strax og unnt er og sjúklingar sem bíða eftir meðferð t.d. á Grensásdeild, geta þurft að vera hér lengur en annars hefði

orðið, ef ekki eru laus pláss og við þurfum að sinna þörfum þeirra.

Svo eru aðrir þættir sem ég býst ekki við að allir geri sér grein fyrir. Hér eru oft sjúklingar sem ekki fá bata og bíða hér endalokanna. Þá skiptir máli að þekkja vel til líknandi meðferðar og umönnunar og slík störf geta tekið á. Þannig að starfið hér er ótrúlega fjölbreytt og við þurfum að geta veitt bráðameðferð, endurhæfingu og líknarmeðferð, allt eftir því sem við á. Vinnan hér er fjölbreytt, sjúklingahóparnir ólíkir og ólíkir einstaklingar innan hvers hóps. Álag eins og þetta hentur ekki öllum en mér finnst það skemmtilegt, því það er enginn dagur öðrum líkur.

Ef ég á að lýsa dæmigerðum degi hérna þá er fyrst þess að geta að vaktirnar eru þrjár. Morgunvaktin starfar frá kl. átta til fjögur, kvöldvaktin frá kl. hálf-fjögur til hálf tólf og næturvaktin frá kl. ellefu til hálf níu, daginn eftir. Tími vaktanna skarast til að samræma störfin eftir því sem þurfa þykir og deila upplýsingum.

Á morgunvaktinni kl 8.05 er haft svokallað stöðumat þar sem farið er yfir atburði síðasta sólarhrings og hvað er framundan. Hverjir hafi lagst inn, hverjir eru að útskrifast og helstu verkefni dagsins. Síðan les vaktin í raf-rænu sjúkraskránni hver er staða hvers sjúklings og hvað þarf að gera. Morgunvaktin er yfirleitt annasöm must þessara vakta. Þá er m.a. veitt aðstoð við persónulega umhirðu, genginn stofugangur og aðgerðir undirbúnar, eða útskriftir ef við á. Yfirleitt hittist svo starfsfólkið aftur eftir hádegi og þá er tekin staðan að



nýju, hvað eigi eftir að gera, hvort eitthvað hafi breyst og dagurinn skipulagður áfram. Eftir hádegi er verið að mæla lífsmörk og svo eru reglulega máltíðir, þar sem sjúklingar þurfa oft á tíðum aðstoð.

Við erum reglulega með fjölskyldufundi fyrir sjúklinga og aðstandendur, þar sem eru viðtöl við lækna og hjúkrunarfræðinga. Ef með þarf koma líka sjúkráþjálfarar og ræða um endurhæfingu og fleiri starfsstéttir geta komið að þessum fundum.

Svo eru vaktaskipti klukkan fjögur og kvöldvaktin tekur við. Það eru mikið til sömu verkefnin, lyfjagjafir og reglulegar máltíðir. Það eru alltaf einhver verkefni sem koma til, fólk getur þurft að fara í blóðprufur eða myndatökur og ýmislegt getur komið upp á. Það þarf að hjálpa til við að koma fólki í háttinn, mismikið að sjálf-sögðu, eftir stöðu og getu hvers og eins. Það má ekki gleyma því að það er stór þáttur í endurhæfingu að kenna fólki að annast ýmis dagleg störf eins og að klæða sig, háttá, borða og fleira.

Hér hafa margir glatað þeirri færni og þurfa að byrja upp á nýtt, sem er ekki auðvelt. Það skiptir miklu í slíkri umönnun að hún sé í höndum fagfólks sem þekkir leiðir til að hjálpa, og forðast að gera ýmsa hluti sem fólk þarf að læra að gera sjálf. Það er hluti af endurhæfingunni.

Næturvaktin kemur klukkan ellefu og tekur við verkefnunum á sama hátt og hinar og fær upplýsingar um stöðuna. Ef allt er með kyrrum kjörum þá getur næturvaktin verið rólegri en hinar, en það er sjaldnast svo einfalt. Ef mikið er af veiku fólki þarf að vakta það og vitja um með skömmu millibili og ef um er að ræða sjúkling sem hefur komið inn vegna slags í heila sem fengið hefur bráðameðferð, þarf að vaka stöðugt yfir honum. Það þarf að meta hann, mæla lífsmörk á korters fresti, gera taugaskoðun á klukkutíma fresti og fylgjast með lyfjagjöf og hvernig lyfin virka. Þannig að næturvaktin situr sjaldnast á kaffistofunni meðan vaktin líður. Hún fær svo afleysingu um morguninn og



Þannig er sá sólarhringur liðinn. Þannig er starfið eilíf hringrás en samt með ótal tilbrigðum.

Það er ekki allt fyrirsjáanlegt hérna og starfsfólkið er þjálfað í að bregðast við sem flestu. Þegar kemur til dæmis sjúklingur sem hefur fengið bráða heilablæðingu er mikilvægt að fylgja verkferlum, gera taugaskoðun og mæla lífsmörk og meta stöðugt hvort sé allt í lagi. Þegar eitthvað gerist, þá gerist það oft mjög fljótt, og öllu skiptir að bregðast fljótt og rétt við. Það getur verið hvort heldur á nóttu eða degi. Lungnabólga eða hjartabilun getur komið í ljós og þá þarf að kalla til lækni og jafnvel að setja fólk í öndunarvél án tafar. Þá er mikilvægt að starfsfólk kunni til verka og þekki tækin sem við eigum.

Að auki er starfandi göngudeild taugasjúkdóma í tengslum við legudeildina og þar er veitt sérhæfð göngudeildarþjónusta við sjúklinga með taugasjúkdóma. Þar eru gerðar ýmsar rannsóknir til greininga á sjúkdómum í mið- og úttaugakerfi.

Hér á Landspítala er boðið upp á mjög fjölbreytta endurmenntun og margir sækja hana vel. Mér finnst mjög aðkallandi að hér á landi verði boðið upp á framhaldsnám í taugahjúkrun en það er ekki í boði ennþá. Hér er nú þegar boðið upp á meistaranám í gjörgæsluhjúkrun og bráðahjúkrun, svo vonandi styttist í það að taugahjúkrun bætist við.

Starfsandinn hér er afar góður og samstarf mjög gott á milli fagstétta. Fólk vinnur mjög vel

saman og félagslíf er ágætt. Mér finnst þetta afskaplega góður vinnustaður en það er stöðugur skortur á reyndu starfsfólki, sem getur valdið miklu álagi. Hins vegar er ástæða til að gleðjast yfir því að núna búum við vel að læknum með taugalækningar sem sérgrein.

Við höfum einnig átt góð samskipti við sjúklingafélög ss. Heilaheill og MND félagið. Okkur finnst mikilvægt að vera í góðum tengslum við þau, t.d. varðandi fræðslu til sjúklinga og aðstandenda.”

Guðrún leiðir svo blaðamann um deildina, sem virðist að mestu fullskipuð, en er þó blessunarlega laus við sjúkrarúm á ganginum. Maður hlýtur að leiða hugann að því eftir þessa yfirferð, sem þó tekur aðeins til einnar deildar af fjöldamörgum, hvað við borgarar landsins eigum stóra skuld að gjalda því einvaliði sem starfar í heilbrigðiskerfinu okkar. Stundum finnst manni sem því sé alls ekki nægur gaumur gefinn af almenningi.

Guðrún Jónsdóttir fær kærar þakkir fyrir spjallið og að gefa lesendum Slagorðs ofurlitla innsýn í störfin á taugalækningadeildinni, sem skipta marga þeirra mjög miklu máli.

Pétur Bjarnason skráði.



**Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi**



icepharma

Bætt líðan • Betra líf



STÁLKRÓKUR

Aðalfundur Heilaheilla 2019



Vel sóttur aðalfundur HEILAHEILLA var haldinn laugardaginn 16. febrúar s.l. í húsakynnum félagsins að Sigtúni 42, Reykjavík, með beinni tengingu norður í samkomusal Einingar á Akureyri. Þar sem félagið er með einstaklingsaðild á landsvísu, getur hver og einn, hvar sem hann býr á landinu sótt

fundi félagsins á þessum tveimur þéttbýliskjörnum landsins, ef því er að skipta. Komu menn hvaðanæva að, m.a. úr Langadal í V-Húnavatnssýslu.

Fundarstjóri var Gísli Ólafur Pétursson, en honum til aðstoðar voru þau Valgerður Sverrisdóttir og Birgir Henningsson. Aðalefni fundarins voru hefðbundin skv. lögum félagsins. Baldur Benedikt Ermenrekur Kristjánsson og Páll Hallfreður Árdal í voru endurkjörnir í aðalstjórn og Kolbrún Stefánsdóttir og Bryndís Bragadóttir varamenn í stjórn.

Formannskosningar fara fram á næsta ári, en formaðurinn, Þórir Steingrímsson hefur gegnt þessu embætti í 13 ár.

Eftir aðalfundarstörf urðu umræður um málefni félagsins og störf þess á síðasta starfsári. Var það almennt álit fundarmanna að starf félagsins væri þróttmikið og gott og lýstu menn sig reiðubúna til starfa ef eftir því verður leitað.



Heilaheill

- ÁFALL ER EKKI ENDIRINN

Árlega fá um 600 einstaklingar heilablóðfall eða um tveir á dag sem er of mikið!

Markmið samtakana er að vinna að velferðar- og hagsmunamálum þeirra sem hafa fengið slag (heilablóðfall). Slag verður þegar æð sem flytur súrefnis- og næringarríkt blóð til ákveðins svæði heilans stíflast eða springur. Unnið er að markmiðum félagsins m.a. með eftirfarandi hætti:

- Að stuðla að aukinni þekkingu sjúklinga, aðstandanda þeirra og almennings áslagi og afleiðinga þess.

- Að bæta skilyrði þeirra er hafa orðið fyrir slagi.
- Vinna að ráðgjafar- og upplýsingaþjónustu fyrir þá er hafa orðið fyrir slagi, sjúklinga og aðstandanda þeirra um lífnaðarhætti, réttindi og velferð þeirra.
- Að efla samvinnu við félagasamtök sem hafa sömu markmið.

Innan samtakanna Heilaheill starfa meðal annars gaum- og málstolshópur, hópur ungra foreldra sem fengið hafa heilablóðfall. Slíkt er þung byrði og raskar högum verulega. Fleiri hópar starfa innan félagsins um lengri eða skemmri tíma.

Slag er þriðja stæðasta dánarorsökin í heiminum á eftir krabbameini og hjartaáfalli.

Slag er samheiti yfir blóðtappa (blóðpurrdarslag) og blæðingar (blæðingarslag).

Framfarir í heilablóðfallslækningum

Stofnfrumumeðferð getur dregið úr eða komið í veg fyrir fötlun

Meðferðin þó á tilraunastigi

Nýlega fjallaði Morgunblaðið um nýjung í heilablóðfallslækningum sem felst í því að beita stofnfrumumeðferð. Hér er um að ræða byltingarkennda meðferð, sem gæti lagað skemmdir sem orðið hafa á heilafrumum, ef ekki tekst að beita segaleysandi meðferð innan fjögurra tíma frá áfalli. Beita þarf þessari meðferð innan 36 stunda frá áfallinu til að hún beri árangur. Í breska dagblaðinu The Telegraph kemur fram að þessi meðferð hafi þegar sýnt árangur í Bretlandi og í Bandaríkjunum. Stofnfrumumeðferðin er þó enn á tilraunastigi og ekki farið að beita henni í almennri meðferð.

Æskilegast er alltaf að fólk sem verður fyrir heilablóðfalli komist á sjúkrahús innan fjögurra klukkustunda til að hægt sé að hefja segaleysandi meðferð, til að losa um blóðtappa sem myndast hafa. Þrátt fyrir það hafa um tveir þriðju þeirra, sem þó lifa af blóðfallið, orðið fyrir varanlegum skaða. Hér skal minnt á ágætt viðtal við Björn Loga Þórarinsson hér á öðrum stað í blaðinu þar sem hann greinir frá nýlegum framförum á þessu sviði hér á landi.

Nú stendur yfir tilraunemeðferð á 300 sjúklingum með þessari stofnfrumumeðferð. Gert er ráð fyrir því að meðferðin verði leyfileg í Bandaríkjunum árið 2021.

Í grein Mbl. segir m.a.: „Tilraunir hafa sýnt að stofnfrumumeðferð getur lagað skemmdir á heilafrumum, sem kunna að verða ef sjúklingar gangast ekki undir segaleysandi meðferð innan fjögurra tíma eftir heilablóðfallið. Þá geta skemmd-

irnar valdið því að sjúklingar hljóti einkenni eða fötlun sem gengur ekki til baka. Byrjunareinkenni heilablóðfalls er dofi, kraftminnkun eða lömum í annarri hlið líkamans, taltruflanir og skert geta í daglegum athöfnum.“

Samkvæmt helstu niðurstöðum í tilraunemeðferð hefur stofnfrumuaðgerð borið árangur hjá breskum sjúklingum sem gengust undir aðgerðina innan 36 klukkustundum eftir heilablóðfall. Þeir sem gengust undir aðgerðina voru 15% líklegri til að ná sér að fullu, 90 daga frá heilablóðfalli, en þeir sem fengu hefðbundna meðferð. Ári eftir heilablóðfall varð fyrri hópurinn 24% líklegri en hinn seinni, til að ná fullum bata.

Stofnfrumur, sem hafa þann eiginleika að geta lagað skemmdan heilavef, eru unnar úr blóðmarg sjúklingsins og þeim komið fyrir þar sem skemmdir urðu á heilavef.

Axel Finnur Sigurðsson, hjartalæknir, sagði í samtali við Morgunblaðið: „Verði sýnt fram á að stofnfrumumeðferð af þessu tagi sé gagnleg má líta á það sem byltingu í meðferð heilablóðfalls. Þess ber þó að geta að meðferðin er enn á tilraunastigi og ýmiskonar frekari prófanir þarf að gera til að staðfesta að hún beri árangur og að hún sé án teljandi áhættu fyrir sjúklinginn.“

Axel segir þó mikilvægt að hefja viðeigandi meðferð við blóðþurrðarheilablóðafalli sem allra fyrst, til að koma í veg fyrir að heilafrumur skemmist varanlega. Hún felst í gjöf segaleysandi lyfja sem hafa það hlutverk að leysa upp blóðtappann og endurheimta eðlilegt blóðflæði til frumnanna.



Landsvirkjun

Rafkaup
Ármúla 24 • rafkaup.is

Ráðstefna SAFE í Stokkhólmi í sumar



Þórir Steingrímsson með Arne Hagen, frá Norsk forening for slagrammede.



Páll H. Árdal.

Þórir Steingrímsson formaður HEILAHEILLA og Páll Árdal, gjaldkeri, sátu SAFE-ráðstefnu (Stroke Alliance for Europe) í Stokkhólmi miðvikudaginn 26. júní s.l. Eins mörgum er kunnugt að þá eru samtökin samsett af félögum sjúklinga 47 Evrópuríkja.

Samtökin voru stofnuð 2004, að frumkvæði Arne Hagen, formanni norska félagsins, en þá voru einungis átta félög stofnaðilar. Síðan hefur samtökunum heldur betur vaxið fiskur um hrygg og nú eru aðildarfélögin orðin þrjátíu og fjögur og samtökin eru enn í örur vexti. Þau eru nú í samstarfi við fagaðila innan ESO (European Stroke Organisation) er varðar blóðþurrðarslagið (TIA), rannsóknaraðilana Kings College London, SSOF (Stroke Support Organisation Faculty Tool), talsmann EU (European Union) og fleiri aðila og stofnanir sem sækjast eftir samstarfi við sjúklingafélögin um upplýsingar og

þýðingar varðandi þessi mál í aðildarlöndunum.

Á ráðstefnunni var lögð mikil áhersla á hjúkrun og eftirmeðferð, „Life after Stroke“ í tengslum við Alþjóðlega slagdaginn þriðjudaginn 29. október. Einnig var til umræðu möguleikar aðildarfélaganna til að færa út kvíarnar í hverju landi fyrir sig og stuðla að vitund almennings um slagið. Í lokin kynntu sum löndin, þ.á.m. Ísland, stöðu sína varðandi slagið og kynnti Þórir útgáfu og dreifingu HeilaAppsins, sem vakti verðskuldaða athygli, en aðstæður til þróunar og notkunar slíks hugbúnaðar eru einstaklega hagstæðar hér á landi af ýmsum aðstæðum.

Heilaheill gerðist aðili að SAFE árið 2011 og hefur allar götur síðan lagt áherslu á að alltaf sækji einhver fulltrúi félagsins árlegar ráðstefnur og stjórnarfundir, en Þórir Steingrímsson formaður sat í stjórn samtakanna í nokkur ár.



Þarfir slagþola á Íslandi

– vöntun á eftirfylgni frá heilbrigðiskerfinu



Fjallað var um HEILAHEILL í málgagni SAFE, sem eru samtök slagþola í Evrópu, í byrjun ágústmánaðar s.l. Það er veruleg viðurkenning á starfi samtakanna að fá einkaviðtal við þetta virta málgagn slagþola í Evrópu. Hér á eftir fer lausleg þýðing eða öllu heldur endursögn á efni viðtalsins.

Í upphafi viðtalsins var sagt frá kynningu HEILAHEILLA á starfi samtakanna í Kringlunni á alþjóðaslagdeginum (World Stroke Day). Fulltrúar HEILAHEILLA þar voru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, næringarfræðingar og félagsmenn. Sínd voru myndskreið um slag og gáttatif, félagsstarf samtakanna o.fl.

Í fyrrnefndri grein er rætt við formann HEILAHEILLA, Þóri Steingrímsson, og Björn Loga Þórarinsson, sérfræðilækni. Björn Logi sagði vandkvæði á því að gera sannfærandi rannsóknir á aðstæðum slagþola á Íslandi vegna fámennis hér. Samt sem áður væri leitast við að að fylgja þeirri áætlun sem sett hefur verið fram í Evrópu, the Stroke Action Plan for Europe 2018-2030 með leiðsögn frá sérfræðingum og heilbrigðisyfirvöldum.

Þórir var spurður um hvaða þætti í lífi fólks eftir slag þyrfti helst að styrkja á Íslandi. Hann sagði þátttöku HEILAHEILLA í SAFE gefa okkur tækifæri til að bera okkur saman við önnur heilbrigðiskerfi varðandi slagið. Hann sagði margt vera sambærilegt hjá okkur og frændum okkar á Norðurlöndum

og margt einnig sameiginlegt með öðrum Evrópuþjóðum, svo sem vöntun á eftirfylgni frá heilbrigðiskerfinu og fleira. Helsta vandamál okkar hér á landi er að heilbrigðisyfirvöld og ÖBÍ, sem veita okkur fjármagn til endurhæfingar, viðurkenna ekki aphasia, sem er mál- og tjáskiptahömlun af völdum heilablóðfalls, sem örorku sérstaklega. Þeim sem fá þessi einkenni finnst þeir séu ekki hluti af velferðarkerfinu eins og aðrir. Þeir Þórir og Björn töldu þó samt það væri að verða viðhorfsbreyting í þessum efnum.

Þórisagði, aðspurður um hlutverk HEILAHEILLA í þessum breytingum, að það væri aukin áhersla á fræðslu og unnið væri að því að koma upp eftirmeðferð fyrir slagþola um allt land. Sérfræðilæknar á Landspítalanum hafa á síðustu tveimur náð einstaklega góðum árangri í segaleysandi meðferð ásamt því að stytta verulega tíma frá því sjúklingar koma á bráðamóttöku þar til slík meðferð hefst. HEILAHEILL hefur lagt áherslu á að kynna almenningsi þennan árangur ásamt því að auka þekkingu á fyrstu einkennum slags og viðbrögðum við því. Þá hafa samtökin beitt sér fyrir auknum fjárveitingum til forvarna og kynningar af hálfu opinberra aðila.

Blaðamaður SAFE óskaði eftir meiri upplýsingum um HEILAHEILL.

HEILAHEILL eru sjálfstæð félagasamtök slagþola fyrir allt landið. Samtökin hafa góðan aðgang að sérfræðingum víðs vegar um landið sem hafa stutt HEILAHEILL við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðamenn með persónulegum hætti.

Það er lýsandi staðreynd að á Íslandi er hægt að gera margt til að fyrirbyggja heilablóðfall, meðhöndla það og staðreyndir sýna að bæði hefur dregið úr slagáföllum á síðustu árum og einnig hefur tekist að minnka marktækt langtímaáhrif þeirra á líf einstaklinganna með bættri meðferð.

Til að viðhalda þessum árangri og bæta hann er nauðsynlegt að heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti vinni markvisst að rannsóknum og endurbótum

um og setji fram stefnu í þessum málum í samráði við heilbrigðisstofnanir, lækna, sjúklingasamtök og aðra sem málið varðar.

Árangur meðhöndlunar á bráðu blóðþurrðarslagi er tímaháður og alþjóðaviðmið við „Door to needle time“ (tími frá áfalli til umönnunar) hafa verið sett 60 mínútur eða minna. Á einungis þremur árum hefur þessi tími á Íslandi, með samstilltum aðgerðum, fallið frá 80 mínútum, sem var talið alls ófullnægjandi, í allt niður að 25 mínútum!

Þá sagði Þórir frá Heilaappinu fyrir snjallsíma, sem áður hefur verið greint frá hér í blaðinu og vakti sú frásögn verulega athygli, ekki síst að þetta app virkar hvar sem er á öllu landinu og veitir eins skjóta hjálp og aðstæður mögulega leyfa.

Þá má einnig geta þess í tengslum við þessa frétt að í lok síðasta árs, á aðalfundi SAFE, var HEILAHEILL heiðrað sérstaklega fyrir frábæra frammistöðu í

starfi sínu og var ákveðið að veita styrki til smærri aðildarfélaga er hafa verið með framúrskarandi vinnu fyrir hönd sjúklinga á árinu 2018. Eftir stutta lýsingu Jón Barrick forseta SAFE á frammistöðu félaganna veitti Þórir Steingrímsson, formaður félagsins, þessari viðurkenningu móttöku og þakkaði fyrir sig og sína félagsmenn. Þeir Baldur Benedikt Ermenrekur Kristjánsson og Páll Hallfreður Árdal sátu ráðstefnuna ásamt Þóri.



Hvað er TIA?

Á undanförunum árum hefur verið greint frá og tekin viðtöl hér í Slagorði við fjölda einstaklinga sem hafa fengið snert af heilablóðfalli eða það sem yfirleitt hefur verið nefnt TIA, en það er skammstöfun á erlenda heitinu: „Transient Ischemic Attack“. Aðalatriði þegar grunur leikur á að eitthvað slíkt sé á ferðinni er að leita læknis strax, því það getur skipt sköpum um afleiðingarnar. Hér að neðan skýrir Björn Logi Þórarinnsson frá helstu einkennum þeirra sem verða fyrir þessu, en það getur verið tímabundin lömum eða kraftminnkun, talörðugleikar, þvoglumælgj eða sjóntruflanir.

„TIA-kast hefur verið nefnt forslag en það er tímabundin skerðing á blóðflæði í heila sem verður vegna þess að æð stíflast vegna blóðtappa. Við þetta verður blóðþurrð sem veldur svokölluðum brottfallseinkennum eins og

skyndilegri kraft- eða skynminnkun í andliti, hendi eða fæti, oftast öðrum megin. Fólk getur líka upplifað taltruflanir, svo sem þvoglumælgj eða erfiðleika við að finna orð eða skilja tal. Einnig geta verið sjóntruflanir eins og blinda á öðru auga“, sagði Björn Logi Þórarinnsson, taugalæknir á Landsspítala háskólasjúkrahúsi í viðtali við Heilaheill vorið 2018.

Björn segir að TIA-köst geti hent fólk í öllum aldurshópum þó þau séu vissulega algengari hjá eldra fólki. Það sé mikilvægt að bregðast skjótt við og að rannsaka verði ástæður þess að blóðtappi hafi myndaðist ásamt því að hefja strax meðferð til að fyrirbyggja frekari blóðtappamyndun.

„Rannsóknir hafa sýnt að ef ekki er brugðist rétt við eru 15% einstaklinga sem fá heilaslag innan þriggja mánaða eftir TIA-kast. Þess vegna er mjög mikilvægt, við einkenni TIA-kasts, að leitað sé læknishjálpar strax því það gjörbreytir horfum“, segir Björn Logi Þórarinnsson.

Heilaheill þakkar stuðninginn

Reykjavík

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
 A4, Köllunarklettsvegi 10
 Aðalverkstæðið ehf, Malarhöfða 2
 Aðalvík ehf, Síðumúla 13
 ARGOS ehf-Arktitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarlóð 9
 Arkís arkitektar ehf, Kleppsvegi 152
 Auglýsingastofan ENNEMM, Skeifunni 10
 Áltak ehf, Fossaleyni 8
 Áman ehf, Tangarhöfða 2
 Ásbjörn Ólafsson ehf, Köllunarklettsvegi 6
 ÁTVR Vínbúðir, Stuðlahálsi 2
 Bakarameistarinn ehf, Stigahlíð 45-47
 Bati - sjúkráþjálfun ehf, Kringlunni 7
 Berserkir ehf, Heiðargerði 16
 BílaGlerið ehf, Bíldshöfða 16
 Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
 Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
 Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar, Bíldshöfða 18
 Bjarnar ehf, Borgartúni 30
 Bókhaldsstofan Stemma ehf, Sundaborg 3
 Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
 Brim hf, Norðurgarði 1
 Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900, Höfðabakka 9
 BSRB, Grettisgötu 89
 Curron hf, Ármúla 27
 Danica sjávararafurðir ehf, Suðurgötu 10
 Dokkan, þekkingar- og tengslanet www.dokkan.is
 E.T. hf, Klettagörðum 11
 Efling stéttarfélag, Guðrúnartúni 1
 Endurskoðun og reikningskil hf, Stangarhyl 5
 Ernst & Young ehf, Borgartúni 30
 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22
 Fiskbúðin, Sundlaugavegi 12
 Fjárhald ehf
 Fjöleignir ehf, Tryggvagötu 11
 Fótóval ehf, Skipholt 50b
 Fylkir ehf, Grensásvegi 50
 Garðs Apótek, Sogavegi 108
 GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Grundarheimilin við Hringbraut
 Guðmundur Arason ehf, smíðajárn, Skútuvogi 4
 Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
 Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37

Hagkaup, Holtagörðum
 Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn, Bíldshöfða 18
 Henson sports, Brautarholti 24
 Hjá Guðjóni ehf, Þverholti 13
 Hjúkrunarheimilið Skjól, Kleppsvegi 64
 Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
 Hótel Óðinsvé, Þórgötu 1
 Hýsi - Merkúr hf, Lambhagavegi 6
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Icelandic Fish & Chips ehf, veitingastaður, Tryggvagötu 11
 Iðntré ehf, Draghálsi 10
 Isavia, Reykjavíkflugvelli
 JE Skjanni ehf, byggingaverktakar, Stórhöfða 33
 Kaffifélagið, Skólavörðustíg 10
 Keiluhöllin Egilshöll, Fossaleyni 1
 Kemi ehf-www.kemi.is, Tunguhálsi 10
 Kirkjugarðar Reykjavíkprófestsdæma, Vesturhlíð 8
 Kjöthöllin ehf, Skipholt 70 og Háaleitisbraut
 Klettur - sala og þjónusta ehf, Klettagörðum 8-10
 Klöpp Arkitektar-Verkfræðingar ehf, Nethyl 2e
 KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
 Kortapjónustan hf, Suðurlandsbraut 30
 Kólus ehf, Tunguhálsi 5
 Kvikna ehf, Stórhöfða 21
 Landsnet hf-www.landsnet.is, Gylfaflöt 9
 Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
 Landssamtök lífeyrissjóða, Guðrúnartúni 1
 Lášúsið ehf, Bíldshöfða 16
 Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
 Listvinahúsið, leirkerasmiði, Skólavörðustíg 43
 Lýsi hf, Fiskilóð 5-9
 Marport ehf, Fossaleyni 16
 Matborðið ehf, Bíldshöfða 18
 Málarameistarar ehf, Freyjubrunni 29
 Málningarvörur ehf, Lágmúla 9
 Meba- úr og skart, Kringlunni og Smáralind
 Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Borgartúni 35
 Nasdaq verðbréfamíðstöð hf, Laugavegi 182
 Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
 Nýi öskukólinn ehf, Klettagörðum 11
 Nýja bílahöllin ehf, Eirhöfða 11
 Nýtt Skil slf, Borgartúni 24
 Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
 Optic Reykjavík ehf, Hamrahlíð 17
 Orka ehf, Stórhöfða 37
 Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
 Ósal ehf, Tangarhöfða 4
 Pétur Stefánsson ehf, Vatnsstíg 22
 Pfaff hf, Grensásvegi 13

Pixel ehf, Ármúla 1
 Rafiðnaðarsamband Íslands, Stórhöfða 31
 Rafsól ehf, Síðumúla 34
 Rafstjórn ehf, Stangarhyl 1a
 Rafsvið sf, Viðarhöfða 6
 Rafval sf, Skógarseli 33
 Rannsókn- og háskólanet Íslands, Dunhaga 5
 Rarik ohf, Dvergshöfða 2
 Rásin sf, rafverktaki, Ólafsgейsla 14b
 Renniverkstæði Jóns Þorgrímssonar ehf, Súðarvogi 18
 Reykjavík Residence Hotel, Laugavegi 182
 Reykjavíkur Apótek, Seljavegi 2
 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu
 Ríkki Chan ehf, Kringlunni 4-12 og Smáratorgi 1
 Rima Apótek, Langarima 21-23
 Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
 Salatbarinn Buffet Restaurant, Faxafeni 9
 Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu, Grettisgötu 89
 Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF, Nethyl 2e
 Sálfræðiþjónusta Wilhelm Norðfjörð ehf, Klapparstíg 25-27
 Segull ehf, Hólmaslóð 6
 SHV pípulagningaþjónusta ehf, Funafold 54
 Skipapjónusta Íslands ehf, Grandagarði 18
 Skorri ehf, Bíldshöfða 12
 SM kvótaþing ehf, Tryggvagötu 11
 Sólon Bistro, Bankastræti 7a
 Spektra ehf, Laugavegi 178
 Stálbyggingar ehf, Hvammsgerði 5
 Subway, Suðurlandsbraut 46
 Suzuki á Íslandi, Skeifunni 17
 Sægreifinn, Verbúð 8, Geirsgötu 8
 Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf, Skólavörðustíg 14
 Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf, Skólavörðustíg 14
 Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
 Tapas Barinn, Vesturgötu 3b
 TEG endurskoðun ehf, Grensásvegi 16
 The Coocoo's Nest, Grandagarði 23
 THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
 Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum Vesturlandsvegi
 Umbúðamiðlun ehf, Korngörðum 5
 Umslag ehf, Lágmúla 5
 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6
 Varmi ehf, Laugavegi 168
 Verkfræðistofa Stanley Pálssonar, Skipholt 50b
 Verkfræðistofan Skipatækni ehf, Ármúla 1
 Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
 Vélar ehf, Vatnagörðum 16
 VOOT Beita, Skarfagörðum 4

Ynja undirfataverstun, Álþheimum 74, Glæsibæ
Ökuskólinn í Mjódd ehf, Þarabakka 3

Seltjarnarnes

H.Ó. & B. sf, Nesbala 54
Nesskip hf, Austurströnd 1

Vogar

Státafl Orkuiðnaður ehf, löndal 10

Kópavogur

Ásborg slf, Smiðjuvegi 11
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf,
Smiðjuvegi 68, gul gata
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf, Akralind 9
Bílaklæðningar hf, Kársnesbraut 100
Blikkform ehf, Smiðjuvegi 6
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
CampEasy ehf, Smiðjuvegi 72
dk hugbúnaður ehf-www.dk.is, Smáratorgi 3
Domusnova fasteignasala, Nýbýlavegi 8
Elva Björk Sigurðardóttir, tannlæknir,
Hlíðasmára 14
GK heildverslun ehf, Smiðjuvegi 4
goddí.is, Auðbrekku 19
Hamraborg ehf, Lundi 92
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki,
Smiðjuvegi 11
Iðnaðarlausnir ehf, Akralind 7
Ingimundur Einarsson ehf málarí, Trönuhjalla 1
Init ehf, Smáratorgi 3
Inmarsat Solutions ehf, Hlíðasmára 10
Inter Medica ehf, Skemmuvegi 6
Íslenskt marfang ehf, Bæjarlind 6
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kraftvélar ehf, Dalvegi 6-8
lindesign.is
Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1
Nýþrif - ræstingaverktaki ehf, Laufbrekku 24
Ólafssynir ehf, Fagrahjalla 84
Portfarma ehf, Smáratorgi 3
Pottagaldrar ehf, Dalbrekku 42
Prófill tannrétting slf, Hlíðasmára 17
Rafsetning ehf, Björtusölum 13
Sérmerkt ehf, Smiðjuveg 11
Sport Company ehf, Bæjarlind 14-16
Suðurverk hf, Hlíðasmára 6
Sörluturninn Smári, Dalvegi 16c
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf,
Smiðjuvegi 11
Úrval útsýn - Sumarferðir, Hlíðasmára 19
Útfararstofa Íslands ehf, Auðbrekku 1
Vetrarsól ehf, verslun, Askalind 4

Garðabær

66° Norður, Miðhrauni 11
AH Pípulagnir ehf, Suðurhrauni 12c
Apótek Garðabæjar, Litlatúni 3

Fjallatindar ehf, Þernunesi 10
Garðabær, Garðatorgi 7
Geislataekni ehf - Laser þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Hafnasandur hf, Birkiási 36
Hagrád ehf, Hofslundi 8
Hannes Arnórsson ehf, Móaföt 41
Hárgreiðslustofan Cleó ehf, Garðatorgi 3
Loftorka Reykjavík ehf, Miðhrauni 10
Oliner System Iceland ehf, Lyngási 20
Pípulagnaverktakar ehf, Miðhrauni 18
S.S. Gólf ehf, Miðhrauni 22b
Samhentir, Suðurhrauni 4
Versus bílaréttingar og mátlun, Suðurhrauni 2
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf, Hjallahrauni 4
Bergplast ehf, Breiðhelli 2
Bókhaldsstofan ehf, Bæjarhrauni 10
Fjarðarkaup ehf, Hólshrauni 1
Gámabjónustan hf, Berghelli 1
Gunnars mæjónes ehf, Dalshrauni 7
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hallbertsson ehf, Glitvangi 7
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Kæling ehf, Stapahrauni 6
Opal Sjávarfang ehf, Grandatröð 4
Rennilist, Lónsbraut 6
Sam-eining ehf, Hörgsholti 27
Smyril Line Ísland ehf, Fornubúðum 5
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
Suðulist ehf, Lónsbraut 2
Sæblik ehf - Holtanesti, Melabraut 11
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkþing ehf, Kaplahrauni 22
Vetis ehf, Melabraut 24
Vélsmiðjan Altak ehf, Drangahrauni 1
Víðir og Alda ehf, Reykjavíkurvegi 52a
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Þaktak ehf, Grandatröð 3

Álftanes

Útgerðarfélagið Berg ehf, Túngötu 7

Reykjanesbær

Dacoda ehf, Krossmóa 4a
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
Húsagerðin hf, trésmiðja, lðavelli 14a
Ljósmyndastofan Nýmynd, lðavöllum 7a
Lyfta ehf, Njarðarbraut 1k
Maron ehf, Kópubraut 22
Málverk slf, Skólavegi 36
Pulsuvagninn í Keflavík

Rafeindir og Tæki ehf, Ægisvöllum 2
Reiknistofa fiskmarkaða hf, lðavöllum 7
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf, Sjávangötu 6-12
Skólamatúr ehf, lðavöllum 1
TM Bygg ehf, Steinási 31
Vísir, félag skipstjórnamanna á Suðurnesjum,
Hafnargötu 90

Grindavík

Ó S fiskverkun ehf, Árnastíg 23
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8

Garður

Aukin Ökuréttindi ehf, Ósbraut 5

Mosfellsbær

Álguggar JG ehf, Flugumýri 34
Byggingarfélagið Jörð ehf, Arkarholti 19
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð, Dalsgarði 1
Litamálan ehf, Snæfríðargötu 2
Mosfellsbakarí, Háholti 13-15

Akranes

Apótek Vesturlands ehf, Smiðjuvöllum 32
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar,
Smiðjuvöllum 15
Bifreiðaverkstæðið Ásinn ehf, Kalmansvöllum 3
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12
Galito veitingastaður, Stilholti 16-18
Sementsverksmiðjan hf, Mánabraut 20
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Valfell fasteignasala

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Framköllunarþjónustan ehf, Brúartorgi 4
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi,
Bjarnarbraut 8
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf,
Sólbakka 5

Stykkishólmur

Stjórnendafélag Vesturlands, Skólastíg 15

Grundarfjörður

Soffanías Cecilsson hf, Borgarbraut 1
Þjónustustofan ehf, Grundargötu 30

Hellissandur

Esjar ehf, Hraunási 13
Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Skarðsvík ehf, Helluhóli 1

Reykhlólahreppur

Þörungaverksmiðjan hf

Ísafjörður

Akstur og löndun ehf, Pólgötu 10
Bakarinn ehf, Silfurgötu 11
Bílasmiðja S.G.B. ehf, Seljalandsvegi 86

SLAGORÐ

GG málningarþjónusta ehf, Aðalstræti 26

Orkubú Vestfjarða ehf, Stakkanesi 1

Samgöngufélagið-www.samgongur.is, Engjavegi 29

Smali ehf, Hafraholti 46

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður

Endurskoðun Vestfjarða ehf, Aðalstræti 19

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 1

Bíldudalur

Hafkalk ehf, Lönguhlíð 1

Þingeyri

Grillir ehf, Vallargötu 2

Blönduós

Húnavatnshreppur, Húnavöllum

Pöntunar og viðgerðarþjónusta Villa ehf, Árbraut 19

Skagaströnd

Sjavarlíftækni-setrið BioPol ehf, Einbúastíg 2

Sauðárkrókur

Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Steinull hf, Skarðseyri 5

Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Borgarmýri 1

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Siglufjörður

Fjallabyggð, Gránugötu 24

Málaraverkstæðið ehf, Hverfisgötu 25

Tunnan prentþjónusta ehf

Akureyri

AUTO ehf, bílapartasala, Vesturgili 1

Baldur Halldórsson ehf, Hlíðarenda

Blikkrás ehf, Óseyri 16

Endurhæfingarstöðin ehf, Glerárgötu 20

Ferðaskrifstofa Akureyrar ehf, Strandgötu 3

Finnur ehf, Óseyri 2

Gísli Einar Árnason, tannréttingar, Glerárgötu 34

Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-
www.rettarholl.is, Smáratúni 16b

Gróðrarstöðin Sólskógar ehf, Kjarnaskógi

Hagvís ehf, Hvammi 1

Hlíð hf, Kotárgerði 30

Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12

Meðferðarheimilið Laugalandi

Norðurorka hf, Rangárvöllum

Norlandair ehf, Akureyrarflugvelli

Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónssonar ehf, Melateigi 31

ProMat Akureyri ehf, Furuvöllum 1

Rofi ehf, Freyjunesi 10

Samherji ehf, Glerárgötu 30

Samvirkni ehf, Hafnarstræti 97

Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi

Skútaberg ehf, Sjafnarnesi 2-4

Stefna ehf, Glerárgötu 34

Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Trésmíðaverkstæði Trausta ehf, Jaðarsíðu 9

Grenivík

Grýtubakkahreppur

Grímsey

Sigurbjörn ehf

Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf, Hátúni

Dalvík

Steypastöðin Dalvík ehf, Sandskeiði 27

Tréverk ehf, Dalvík, Grundargötu 8-10

Vélvirki ehf, verkstæði, Hafnarbraut 7

Húsavík

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
www.fjallasyn.is, Smiðjuteigi 7

Skóbúð Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13

Trésmiðjan Rein ehf, Rein

Mývatn

Vogar ferðaþjónusta, Vogum

Raufarhöfn

Önundur ehf, Aðalbraut 41a

Þórshöfn

B.J. vinnuveilar ehf, Hálsvegi 4

Geir ehf, Sunnuvegi 3

Vopnafjörður

Ferðaþjónustan Syðri-Vík

Egilsstaðir

Austfjarðaflutningar ehf, Kelduskógum 19

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4

Fljótsdalshérað, Lyngási 12

Héraðsprent ehf, Miðvangi 1

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1

Klausturkaffi ehf, Skriðuklaustri

Rafey ehf, Miðási 11

Reyðarfjörður

Fjarðabyggð, Hafnargötu 2

Fjarðaveitingar ehf, Austurvegi 21

Launafl ehf, Hrauni 3

Tærgesen, veitinga- og gistihús, Búðargötu 4

Eskifjörður

H.S. Lækning ehf, Bleiksárlíð 38

Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6

Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf, Grímseyri 11

Höfn í Hornafirði

Ferðaþjónustan Gerði

Rósaberg ehf, Háhóli

Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

Þingvað ehf, byggingaverktakar, Tjarnarbrú 3

Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3

Café Mika Reykholti, Skólabraut 4

Eðalbyggingar ehf, Háheiði 3

Fossvélar ehf, Hellismýri 7

Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði, Engjavegi 56

Gróðrarstöðin Hæðarenda, Háagerði

Hjá Maddý ehf, Eyravegi 27

K.Þ Verktakar ehf, Hraunbraut 27

Kökugerð H P ehf, Gagnheiði 15

Pípulagnir Helga ehf, Gagnheiði 11

Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann

Reykhóll ehf, Reykhóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Árnesi

Svavar Sveinsson, Dalbraut 1

Sveitarfélagið Árborg, Austurvegi 2

Hveragerði

Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is, Grænumörk 10

Hótel Örk, Breiðumörk 1c

Hveragerðiskirkja

Kotstrandarkirkja

Raftaug ehf, Borgarheiði 11h

Þorlákshöfn

Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21

Þorlákshafnarhöfn

Ölfus

Eldhestar ehf, Völlum

Gljúfurbústaðir ehf, Gljúfri

Hraunsós ehf, Hrauni 1b

Trésmiðja Sæmundar ehf, Þóroddsstöðum 2

Laugarvatn

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

Flúðir

Flúðasveppir ehf, Undirheimum

Íslenskt grænmeti ehf, Melum

Hvolsvöllur

Ferðaþjónustan Hellishólum ehf

Vestmannaeyjar

Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf, Garðavegi 15

Bókasafn Vestmannaeyja, Safnahúsinu

Gröfuþjónustan Brinks ehf, Ásavegi 27

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Skólavegi 2

Ós ehf, Strandvegi 30

Rannsóknarþjónustan V.M., Ægigötu 2

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf, Kirkjuvegi 23



Fyrir þig, hjartað mitt



Hjartamagnýl®

– Dýrmæt forvörn


75 mg sýrupolnar töflur

Hjartamagnýl sýrupolnar töflur innihalda 75 mg af asetýlsalícýlsýru. Hjartamagnýl er ætlað sem annars stigs forvörn gegn hjartadrepri, til að fyrirbyggja hjarta- og æðasjúkdóma hjá sjúklingum með hjartaöng í jafnvægi, þegar saga er um hvíkula hjartaöng, nema meðan á bráðafasanum stendur, til að fyrirbyggja stíflu eftir hjáveituaðgerð (CABG), við kransæðaþræðingu (coronary angioplasty), nema meðan á bráðafasanum stendur, sem annars stigs forvörn gegn skammvinnum blóðþurrðarköstum (TIA) og blóðþurrðarköstum í heila (CVA), að því tilskildu að blæðingar innan heila hafi verið útilokaðar. Notkun Hjartamagnýl er ekki ráðlögð við bráðaaðstæður. Notkun þess er takmörkuð við annars stigs forvarnir með langvinnri meðferð. Fylgið ávallt leiðbeiningum læknis um skammta og lyfjagjafir. Töflunum skal kyngja heilum með 1/2 glasi af vatni. Vegna sýrupolnu húðarinnar skal ekki mylja, brjóta eða tyggja töflurnar, húðin kemur í veg fyrir ertandi áhrif í meltingarvegi. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is


Actavis

Heilastöðvar, einkenni slags og nokkrar ástæður

Stöðvar heilans



Einkenni samfara slagi

Skemmd í hægri heila

- Lömun í vinstri hlið
- Erfiðleikar við rýmdarskynjun
- Ör og hvatvis hegðun
- Minnistruflanir
- Gaumstol




Skemmd í vinstri heila

- Lömun í hægri hlið
- Málstol
- Hæg, varfærnisleg hegðun
- Minnistruflanir

Slag vegna blóðsega frá hjarta

Í þessari gerð slags myndast blóðsegi í hjarta. Brot af blóðsega losnar og ferðast með blóðstraumnum til heilans. Blóðsegin fer í smærri og smærri æðar þar til hann festist, en við það hættir blóð að streyma til þess svæðis sem æðin nærir.



Slag vegna blæðingar frá æðagúl

Slagæðagúll er óeðlileg útvíkkun á æð utan á heila. Gúllinn myndast vegna veikleika í vegg æðar, hluti hennar vikkar út, sem gerist oftast á mörgum árum. Þegar veggur gúlsins er orðin mjög þunnur getur hann rofnað og valdið blæðingu í rými milli heila og höfuðkúpu (utanskúmsrými). Mikilvægt er að greina æðagúla sem fyrst því önnur og jafnvel alvarlegri utanskúmsblæðing getur fylgt í kjölfar fyrstu blæðingar. Í slíkum tilvikum þarf að beita viðeigandi meðferð sem kemur í veg fyrir frekari blæðingar.



Slag vegna æðakölkunar

Í þessari gerð slags myndast blóðsegi innan á vegg slagæðar. Æðasegin verður oftast í slagæð sem hefur skemmt vegna æðakölkunar, en við kölkunina myndast hrjúf fituútfelling í vegg æðarinnar. Æðasegin getur stækkað og teppt flæði blóðs til heilans eða losnað og stíflað æð ofar.



Ördrep

Í þessari gerð slags verður lokun á lítilli æð sem tengist ekki öðrum æðum (endaslagæð). Við það myndast lítið drepp (ördrep). Þessar endaslagæðar eru staðsettar djúpt í heila og í heilastofni.

